

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. janúar 2009
Tilvísun: UST20081100084/bs

Rannsóknaboranir í Gjástykki, Þingeyjarsveit, tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindra rannsóknaborana.

Valkostir: Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um aðra valkosti varðandi staðsetningu borteigs. Stofnunin telur að kanna eigi hvort unnt sé að koma borteig utan við hraun frá Kröflueldum til að forðast rask á hrauni eins og kostur er. Framkvæmdir á yfirborði gróinna hrauna valda hugsanlega minna raski á sjálfu hrauninu en framkvæmdir á yfirborði ógróinna hrauna.

Framtíðarnýting. Afstaða mannvirkja: Í tillögu að matsáætlun segir m.a. á bls 10: "Landfræðileg lega skiptir máli þegar litið er til flutnings á gufu, rafmagni og heitu vatni. erfitt getur reynst að flytja vökva frá vinnsluholum upp í móti, þannig að skiljustöð verður helst að liggja lægra í landi en holurnar."

Umhverfisstofnun telur að í ljósi ofangreindra upplýsinga eigi að gera grein fyrir hvernig staðsetning borteigs ákvarði staðsetningu annarra mannvirkja ef af orkuvinnslu verður, til að unnt verði að kanna möguleg áhrif tengda mannvirkja á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eins snemma í matsferli og kostur er.

Aðkomuvegur: Umhverfisstofnun telur að varla sé hægt að kalla veg með næga burðargetur til að þola umferð bortækja girðingaslóð. Slóð hlýtur að teljast vegur með mjög takmarkaða burðargetu. Að ætla slíkum vegum hlutverk við mannvirkjagerð getur valdið misskilningi sbr. grjótnám á Hamragarðaheiði.

Mótvægisáðgerðir: Á bls. 7 í tillögu að matsáætlun segir m.a.: "Framkvæmdin er talin að mestu afturkræf þar sem ekki er þörf að raska hrauninu nema við gerð borkjallara og auðvelt er að flytja burt efni sem notað er í gerð teigsins." Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um hvort mótvægisáðgerðir eins og t.d. þær að leggja jarðvegsdúk undir malarpúða muni hlífa yfirborði hraunsins við raski ef til þess kæmi að teigurinn yrði fjarlægður.

Jarðmyndanir, svæði, landslag og verndargildi:

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að lagt verði heildstætt mat á verndargildi Gjástykkis, því að gera má ráð fyrir að gefnum ákveðnum forsendum munu rannsóknaholur í Gjástykki verða nýttar sem vinnsluholur. Því verður að líta þannig á að hér sé um að ræða upphaf varanlegrar mannvirkjagerðar í Gjástykki og því eigi nú að leggja mat á verndargildi svæðisins.


Í tillögu að matsáætlun á bls. 18 segir "... fjögur fyrirbæri sem mætti telja til sérstakra jarðmyndanana í Gjástykki. Lagt verður mat á það hvort rannsóknaboranir muni hafa áhrif á þær út frá fyrirliggjandi gögnum." Stofnunin telur að ekki eigi að meta verndargildi ákveðinna svæða með því að slíta einstakar jarðmyndanir úr samhengi eins og lagt er til að gert verði í tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun telur að sú aðferðarfræði sem notuð er til að ákvarða verndargildi í tillögu að matsáætlun falli ekki að þeim hugmyndum sem fram koma í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 en þar segir m.a.: á bls 29-30:


"Náttúrulegar landslagsheildir á Íslandi endurspegla gjarnan ferli í mjög stórum mælikvarða, einkum tengd jarðskorpuhreyfingum og eldvirkni.....Þessi staðreynd, að viðbættu því hvað landið hér er opið og víðsýni mikið, gerir það enn brýnna en ella að taka frá stórar svæðisheildir til verndunar meðan enn er til þess svigrúm."

Umhverfisstofnun óskað eftir álit Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi Gjástykkis. Eftirfarandi álit barst með bréfi dags. 12. janúar 2009, þar segir: *Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er Gjástykki einstætt frá jarðfræðilegu sjónarmiði, bæði á landsvísi og á heimsvísi. Gjástykki er eitt fárra svæða á Íslandi þar sem glögglega má sjá hvernig landið hefur gliðnað með tilheyrandi sigdæld, sprungum og misgengjum. Þar má jafnframt skoða hvernig hraun frá Kröflueldum hefur komið upp á svæðinu og runnið um svæðið, hulið sprungur og jafnvel runnið ofan í þær. Í Kröflueldum var í fyrsta sinn í heiminum fylgst með gliðunarhrinu í eldstöðvakerfi á flekaskilum þar sem atburðurinn var allur vaktaður. Fylgst var með landsigi og -risi, gliðnun mæld, fylgst með kvikuhlaupum á jarðskjálftamælum og spáð fyrir um einstök eldgos. Að mati stofnunarinnar eru ómetanleg jarðfræðileg, vísindasöguleg og menningarsöguleg verðmæti fólgin í þessum þætti í myndunarsögu Íslands. Frá þessu sjónarmiði er allt rask í Gjástykki óæskilegt og gildir það reyndar um svæðið allt frá Leirhnúk norður í Kelduhverfi.*

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að við mat á umhverfisáhrifum sé hugtakanotkun skýr. Einnig telur stofnunin að ekki megi setja of þröngar skorður varðandi umfjöllun um landslag annars vegar og jarðmyndanir í frummatsskýrslu og leggur áhersu á að lagt verði heildstætt mat á verndargildi Gjástykkis.

Virðingarfyllst


Helgi Jónsson


Ólafur A. Jónsson